

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Samráðsgátt, mál nr. 162/2023.

Reykjavík, 22. september 2023

**Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um áform um lagabreytingar sem ætlað er að auka val einstaklinga á fjárfestingarkostum viðbótarlífeyrissparnaðar**

Birt eru áform um breytingar á lögum nr. 129/1997 sem ætlað er að heimila nýjan fjárfestingarkost viðbótarlífeyrissparnaðar þar sem einstaklingi verði gefinn kostur á að ákveða sjálfur fjárfestingarstefnu sem gildi um sparnaðinn. Samhliða slíkum breytingum þyrfti að huga að ýmsum þáttum s.s. að tryggja að viðkomandi einstaklingar fái fullnægjandi ráðgjöf og að aukinn rekstrarkostnaður sem óhjákvæmilega kæmi til með að fylgja slíkum valkostum yrði borinn af þeim einstaklingum sem nýta slíkt val.

Áformin fela í sér nokkuð viðamiklar breytingar en nú er unnið að grænbók um lífeyriskerfið þar sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði þann 22. mars sl. starfshóp sem falið er að skila drögum að fullbúinni grænbók um lífeyriskerfið fyrir 1. desember n.k. Þess má vænta að í þeirri vinnu fari fram umræða um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og að gefnu tilefni væri æskilegt að sérstök umræða og rýni færi fram um kosti þess og galla að bjóða einstaklingum upp á að velja fjárfestingarstefnu fyrir sinn lífeyrissparnað en slík leið kallar á umtalsverðar breytingar á ákvæðum laga sem taka til fjárfestingarheimilda sjóðanna.

Með vísan til þess að nú er unnið að gerð grænbókar um lífeyrissjóðakerfið þá er það mat LL að umræða um ætluð áform um aukið valfrelsi viðbótarlífeyrissparnaðar ætti heima á þeim vettvangi. Í kjölfar þeirra vinnu væri rétt að meta hvort æskilegt sé að auka valfrelsi einstaklinga í viðbótarlífeyrissparnaði umfram það sem nú er og samhliða væri afar mikilvægt að rýna með hvaða hætti unnt verði að tryggja fullnægjandi áhættudreifingu sem almennt er mikilvægur þáttur í lífeyrissparnaði.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri